

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælíbúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

- | | |
|-----------------------------------|--------------|
| a) Vatnsgjald um hemil | kr. 1 480,00 |
| fyrir hvern mínútulítra á mánuði. | |
| b) Vatnsgjald um vatnsmæli | kr. 74,00 |
| fyrir hvern rúmmetra. | |

- c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um $\frac{1}{45}$ fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínú. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m ³	kr. 39 600,00
251— 500 m ³	kr. 39 600,00 + 94,80 kr/m ³ yfir 250m ³
501—1500 m ³	kr. 63 300,00 + 55,40 kr/m ³ yfir 500m ³
1501—6000 m ³	kr. 118 700,00 + 35,60 kr/m ³ yfir 1500m ³
6000 m ³	kr. 279 000,00 + 27,90 kr/m ³ yfir 6000m ³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 27 800,00
sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

- b) Fyrir rafkynnt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatns-notkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.
- c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiaða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fohheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 480,00
Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 78 7. febrúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 23. maí 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Árni P. Arnason.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með 1. júní 1985, uns annað verður ákveðið, eru togveiðar bannaðar á svæði á Hornbanka sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- a. 66°49'12 N—21°45'24 V
- b. 66°52'42 N—20°47'54 V
- c. 66°32'20 N—21°04'54 V
- d. 66°30'18 N—21°31'25 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum samkvæmt ákvörðun laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. maí 1985.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.